

Veljið börnum **leikföng við hæfi**




Leikfang getur verið slysagildra



NEYTENDASTOFA

Börn hafa ekki þroska til þess að meta hvort leikföngin þeirra séu örugg eða ekki. Hafið eftirfarandi í huga við val á leikföngum:

- Veljið ávallt leikföng sem hæfa aldri og þroska barnsins.
- Þetta merki  þýðir að leikfangið hæfir ekki börnum yngri en 3 ára.
- Leikföng eiga að bera CE merkingu.
- Spyrjið fyrst – kaupjið svo. Óskið eftir upplýsingum í versluninni.
- Gætið sérstaklega að því að leikföng hafi ekki hvassar brúnir eða hvöss horn.
- Lítil börn smakka á öllu, líka leikföngum.
- Varist skrautvörur sem líkjast matvælum, ung börn geta sett þau upp í sig með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- Leikföng eiga að þola það að í þau sé togað og upp á þau snúið.
- Varist leikföng þar sem rafhlaðan getur auðveldlega losnað, það getur valdið köfnunarhættu.
- Leikföng sem gefa frá sér há og hvell hjóð eiga að vera með viðvörunarmerkingu um að þau skuli ekki bera upp að eyra, það getur skaðað heyrn.
- Snúrur og bönd í leikföngum mega ekki vera lengri en 22 cm.
- Gætið þess vel að áfastir hlutir á leikföngum, s.s. augu, hár og nef, séu vel festir.
- Fjarlægjið allt lauslegt af leikföngum, t.d. miða.
- Fjarlægjið smáhluti sem fylgja sælgæti þegar ung börn eru nærri.
- Gangið frá plastumbúðum utan af leikföngum áður en barnið fær þau í hendur.
- Sömu reglur og kröfur eru gerðar til leikfanga sem keypt eru á netinu og í verslunum.
- Varúðarmerkingar eiga að vera á íslensku.
- Hendið skemmdum leikföngum.

Þeir sem telja að leikföng í verslunum uppfylli ekki kröfur og séu hættuleg eru hvattir til að hafa samband við Neytendastofu.



NEYTENDASTOFA